

AUGLÝSING

10

9. febr.

um samkomulag milli Íslands og Monaco um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 26. marz 1952 var með erindum sendiherra Íslands og sendiherra Monaco í París gert samkomulag milli Íslands og Monaco um afnám vegabréfsáritana. Samkomulagið gekk í gildi hinn 15. apríl 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

11

9. febr.

um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Hinn 19. júní 1953 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í Róm 4. nóvember 1950, og að viðbótarsamningi við hann, sem undirritaður var í París 20. marz 1952.

Fullgildingarskjal Íslands var afhent í aðalskrifstofu Evrópuráðsins hinn 29. júní 1953, og gengu téðir samningar í gildi frá þeim degi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga mannréttindayfirlýsingu þá, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

minnst þess, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

minnst þess, að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu aðila

CONVENTION

for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe, Considering the Universal Declaration of Human Rights proclaimed by the General Assembly of the United Nations on 10th December 1948;

Considering that this Declaration aims at securing the universal and effective recognition and observance of the Rights therein declared;

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of